

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 198/2015**

2017/EES/19/02

frá 25. september 2015

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 294/2013 frá 14. mars 2013 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðis-efirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0294:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 294/2013 frá 14. mars 2013 (Stjtið. ESB L 98, 6.4.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar nr. 294/2013, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistökuþingdag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 98, 6.4.2013, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 85, 30.3.2017 bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 30.3.2017, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.